



Vímuefnaneysla og önnur áhættu hegðun unglinga með þroskahömlun

MA rannsókn
Ásgeir Pétursson

Leiðbeinandi: Dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD



Umfjöllunarefni ritgerðarinnar

- Fræðileg umfjöllun um málefnið
- Gögn frá Stuðlum skoðuð frá árunum 2009-2012
- Viðtöl tekin við fagfólk um meðferðferðarnálgun





Framkvæmd rannsókna

- Sálfræðiskýrslur frá meðferðardeild Stuðla:
- Greind skoðuð hjá hverjum og einum (WISC-IV-ís)
 - Heildargreindartala ekki tilgreind hjá öllum, ýmsar ástæður fyrir því
- Greind borin saman við áhættu og þjónustumat (e. *Youth level of service*). Þrír þættir skoðaðir:
 - Vímuefnamisnotkun
 - Afbrotasaga
 - Persónuleiki/hegðun
- Fjöldi einstaklinga á meðferðardeild Stuðla 2009-2012 var 132





Þroskahömlun skv. ICD-10

- Þroskahömlun er röskun sem er skilgreind á þann veg að andlegum þroska er ábótavant eða hann hefur staðnað. Þetta getur komið fram í vitsmunalegri virkni, varðandi tungumál, hreyfigetu ásamt því að geta komið fram í félagslegri virkni. Vegna þessa verður aðlögun að umhverfinu alltaf fyrir áhrifum. Greining þroskahömlunar verður að byggja á öllum tiltækum upplýsingum, þar með töldum klínískum einkennum, aðlögunarhæfni í samfélaginu og próffræðilegum niðurstöðum (Katz og Lazcano-Ponce, 2008, bls. 133).



Alvarleiki þroskahömlunar

Alvarleiki þroskahömlunar:	Greindartala (IQ):
Væg (e. mild)	50-69
Í meðallagi (e. moderate)	35-49
Alvarleg (e. severe)	20-34
Djúpstæð (e. profound)	lægri en 20

(Tryggvi Sigurðsson, 2008; Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, e.d.).






Niðurstöður

Kynjaskipting

Stúlkur 38%
Drengir 62%



■ Stúlkur
■ Drengir






Greindarpróf

		Málskilningur	skynhugsun	vinnsluminni	vinnsluhraði	heildartala
N	Fjöldi	118	111	115	117	65
Meðaltal		84,9	86,6	85,8	85,2	82,5
Miðgildi		84	86	86	83	79
Staðalfrávik		16,76	14,35	15,52	14,67	15,19
Lægsta gildi		45	56	48	45	47
Hæsta gildi		136	124	137	125	113






Skipting greindar






Afbrotasaga






Persónuleiki/hegðun





Vímuefnamisnotkun





Niðurstöður viðtala

- Fjórir viðmælendur úr ýmsum áttum
- sex þemu:
 - Meðferð fyrir unglinga með þroskahömlum
 - Meðferðarnálgun unglinga með þroskahömlun
 - Úrræði sem gagnast fyrir þennan hóp
 - Upphaf áhættuhegðunar
 - Vímuefni og annar vandi
 - Framtíðarhorfur





- Flestir viðmælendur í rannsókninni voru á því að þroskahamlaðir unglingar notuðu vímuefni til að falla inn í hópinn
- Fræðileg skrif benda til þess að þroskahamlaðir unglingar noti og misnoti vímuefni í minni mæli en ungmennti sem ekki eru með þroskahömlun (Cocco og Harper, 2002).
- Misnota efnin sjaldnar og byrji seinna í neyslu vímuefna en aðrir unglingar (Bachman o.fl., 2004).



- Unglingar með þroskahömlun geta upplifað alvarlegar afleiðingar vímuefnaneyslu, eins og aðrir. Sem dæmi:
 - félagsleg einangrun, fordómar, minni félagsleg virkni ásamt því að þeir geta þróað með sér alvarleg veikindi (Slayter, 2010a).
- Unglingar með þroskahömlun (í BNA) virðast síður leita sér aðstoðar við vanda sínum en aðrir unglingar í sömu sporum og ef þeir leita sér aðstoðar er alls ekki víst að sú aðstoð sem er í boði henti þeim (Quintero, 2011).



- Samkvæmt fræðunum eru unglingar með þroskahömlun líklegri til að einangrast en aðrir unglingar
 - Ákveðinn áhættuþáttur á því að fara út í vímuefnaneyslu
 - Talið er að vímuefnaneysla dragi úr því að fólk með þroskahömlun einangrist og hjálpi til við að deyfa þann sársauka og vanlíðan sem fylgir einangruninni
 - Þar af leiðandi er þroskahömlun ákveðinn áhættuþáttur fyrir vímuefnaneyslunni (Cocco og Harper, 2002).



Hvar eru þessi börn í dag?

- Engin sérhæfð meðferð á Íslandi
- Fara í einhverjum tilvikum á Stuðla og önnur meðferðarheimili
- Af og til vistaðir í styrktu fóstri eða fá aðstoð í gegnum fjölkerfameðferð MST
 - Fjölkerfameðferðin er þó ekki ætluð þeim sem eru með þroskaraskanir, samkvæmt einum viðmælendanna í rannsókninni



Vinna með þennan hóp

- Ætti að vinna út frá hverjum og einum fyrir sig
- Má búast við að öll vinna og meðferð taki lengri tíma en hjá öðrum unglingum
 - Þjónusta viðvarandi öll unglingsárin
 - Þarf að hugsa málið langt út fyrir Stuðla og jafnvel að þjónusta/búseta verði til staðar fram á fullorðinsaldur



Nám

- Öll nálgun þarf að vera einfaldari
 - Fræðsla, kennsla og almenn samskipti
- Verulegir erfiðleikar með nám
 - Erfiðara með að tileinka sér námsefnið
 - Skilningur þeirra yfir höfuð minni en hjá öðrum unglingum
 - Finna styrkleika og áhugamál þeirra og skipuleggja nám í kringum þá



- Vitsmunalegar takmarkanir hindra skilning á meðferðarhugtakinu
- Meðferðarfélagar:
 - Geta tekið þeim illa eða útiloka frá meðferðinni (Chapman og Wu, 2012).



Ýmsar aðferðir

- Myndræn fræðsla til að auka skilning
- Teikna upp fyrir þá, í stað þess að skrifa eða tala um hlutina
- Dæmisögur sem hægt er að vísa í þegar vandamál koma upp
- Nota skýr markmið
- Gefa sér meiri tíma:
 - Endurtaka oft, ef þarf



Hvað hefur virkað?

- Nefnd hefur verið möguleg einföldun á AA kerfinu (Quintero, 2011).
- Langtímaúrræði þar sem notast er við viðeigandi orðræðu
- Fræðileg skrif benda til þess að jafnan sé talið að 12 spora líkanið og hugræn atferlismeðferð henti ekki eins vel fyrir þennan hóp (Slayter, 2010a).



- Þá nefndu tveir viðmælendur ART þjálfun sem góðan kost fyrir þá sem eiga erfiðara með skilning.
 - Félagsfærni, reiðistjórnun og siðfræðilega rökræðu
- Áhugahvetjandi samtal
 - þegar rætt er við unglinga með þroskahömlun og foreldra þeirra
- Rannsóknir hafa sýnt að ungt fólk með þroskahömlun eigi erfiðara með að vinna úr vímuefnavanda, leita sér upplýsinga og sækja meðferð í samanburði við ungt fólk sem ekki er með þroskahamlanir (Elspeth, 2010).



Upphaf áhættuhegðunar

- Byrjar þessi hegðun öðruvísi en hjá öðrum?
- Hvernig tekur skólakerfið á þessum börnum?
- Hvenær kemur lág greind/þroskahömlun í ljós?
 - Fyrstu bekkjum grunnskóla eða jafnvel í leikskóla?
- Getur verið að þessi börn leiðist út í óæskilegan félagsskap vegna þess að þau passa ekki inn í skólann?
- Er hægt að koma á móts við þessi börn í skólanum?



Hvað eigum við að gera?

- Snemmtæk íhlutun
- Áhersla á leik og óhefðbundið nám
- Hætta að setja alla í sama kassann
 - Allir hafa hæfileika
 - Finna styrkleika og ýta undir þá

